

Nd.

152. Nefndarálit

[40. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Ytri-Bug í Fróðárhreppi á Snæfellsnesi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur sent frumvarpið til umsagnar jarðeignadeild ríkisins, landnámsstjóra og hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps. Mæla allir þessir aðilar með samþykkt frumvarpsins.

Þegar Alþingi hefur heimilað sölu ríkisjarða undanfarin ár, hefur ávallt verið áskilinn forkaupsréttur. Þykir nefndinni rétt, að svo verði og um þessa jörð og verði kaupendum óheimilt að selja jörðina eða hluta hennar öðrum en ríkissjóði eða næstu sveitarfélögum, þ. e. Fróðárhreppi eða Ólafsvíkurhreppi.

Nefndin mælir því með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Kaupendum er óheimilt að selja jörðina eða hluta hennar öðrum en ríkissjóði eða næstu sveitarfélögum.

Alþingi, 7. des. 1971.

Stefán Valgeirsson,
form.
Ágúst Þorvaldsson.

Eðvarð Sigurðsson,
fundaskr.
Vilhjálmur Hjálmarsson.

Benedikt Gröndal,
frsm.
Pálmi Jónsson.